

Samþykktir

Velferðarsjóðs Bændasamtaka Íslands

1. gr.

Nafn, heimili og varnarþing sjóðsins

Sjóðurinn heitir Velferðarsjóður Bændasamtaka Íslands og hefur sama lögheimili og varnarþing og Bændasamtök Íslands. Sjóðurinn er að fullu í eigu Bændasamtaka Íslands sem bera jafnframt ábyrgð á skuldbindingum hans.

2. gr.

Tilgangur og markmið sjóðsins

Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við félagsmenn Bændasamtaka Íslands er þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búrekstri sínum. Sjóðurinn styður einnig forvarnarverkefni tengd vinnuvernd og slysavörnum eða önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.

3. gr.

Tekjur sjóðsins

Stofnfjárveiting sjóðsins er kr. 1.000.000,- og greiðist af Bændasamtökum Íslands við stofnun hans. Tekjur fyrir utan stofnfjárveitingu eru eftirfarandi:

- Árleg fjárveiting frá Bændasamtökum Íslands. Stjórn Bændasamtakanna skal árlega leggja fram tillögu að upphæð fjárveitingar á Búnaðarþingi eða ársfundi.
- Iðgjöld sjóðfélaga, samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnar.
- Sjóðnum er heimilt að taka við gjöfum og framlögum utanaðkomandi aðila.
- Aðrar tekjur

Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur ákvörðun hvernig ávöxtun eigna og tekna á sem bestan hátt hverju sinni. Vextir hluti af tekjum sjóðsins.

4. gr.

Úthlutanir styrkja

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum eru á hendi framkvæmdastjórnar hans. Framkvæmdastjórn setur úthlutunarreglur þar sem nánar er kveðið á um sjóðsaðild, styrkhæfi og form umsókna,

styrksúthlutanir, afgreiðslu umsókna, tilhögun greiðslna, endurgreiðslu styrkja eða afturköllun loforðs um styrkveitingu vegna ófullnægjandi, rangra eða villandi upplýsinga í umsóknum.

Umsóknir eru metnar á grundvelli úthlutunarreglanna og stefnu sem framkvæmdastjórn markar á hverjum tíma.

Úthlutunarreglum sjóðsins má breyta fyrirvaralaust hvort sem er til þrengingar eða útvíkkunar af hálfu framkvæmdastjórnar. Endanleg staðfesting er ávallt háð samþykki stjórnar BÍ.

5. gr.

Stjórn, rekstur og ráðstöfun fjármuna

Stjórn Bændasamtaka Íslands skipar í framkvæmdastjórn sjóðsins og skal hún skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Framkvæmdastjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir, tekur ákvarðanir um úthlutun, sker úr um vafaatriði, metur styrkhæfi umsókna og afgreiðir önnur mál sem upp kunna að koma. Dagleg stjórn sjóðsins er í höndum framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands. Allar afgreiðslur umsókna í sjóðinn skal bera upp til staðfestingar á stjórnarfundum framkvæmdastjórnarinnar og færa til sérstakrar trúnaðarbókar. Málefni sjóðsaðila og einstaklinga sem og afgreiðslur umsókna í sjóðinn eru trúnaðarmál.

Heimilt er að ganga á höfuðstól sjóðsins vegna styrkveitinga úr sjóðnum með sérstöku samþykki stjórnar Bændasamtaka Íslands þar um en þó aldrei meira en sem nemur 5% af heildarupphæð höfuðstóls.

Framkvæmdastjórn ákveður hámarksupphæð styrkja ár hvert í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Ávallt skal þess gætt að ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við tilgang hans eða verkefni.

6. gr.

Reikningar og endurskoðun

Ársreikningur sjóðsins skal lagður fram á Búnaðarþingi eða ársfundi Bændasamtaka Íslands samkvæmt samþykktum samtakanna.

7. gr.

Annað

Styrkveitingar úr sjóðnum eru ávallt háðar ákvörðun framkvæmdastjórnar sjóðsins. Fjárhagur og staða sjóðsins ræður úthlutunum á hverjum tíma með hliðsjón af stefnu framkvæmdastjórnar. Greiðsluskylda getur aldrei stofnast umfram innistæðu í sjóðnum. Í úthlutunarreglum skal kveðið á um heimildir framkvæmdastjórnar til að afturkalla loforð og krefjast endurgreiðslu ofgreidds fjár.

8. gr.
Samþykkt og breytingar

Æðsta vald í málefnum Velferðarsjóðsins er stjórn Bændasamtaka Íslands. Reglum þessum má breyta fyrirvaralaust af stjórn Bændasamtaka Íslands.

Tillaga um slit eða sameiningu sjóðsins skal lögð fyrir Búnaðarþing eða ársfund Bændasamtaka Íslands til staðfestingar.

Þannig samþykkt í stjórn Bændasamtaka Íslands dags. 13. desember 2017